

*Alþingi
Erindi nr. P 125/1646
komudagur 19. 4. 2000*

**Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Þórshamri
150 Reykjavík**

Reykjavík, 18. apríl 2000

Efni: Frumvarp til laga um brunavarnir, 485. mál.

Samtökum iðnarins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um brunavarnir. Samtök iðnaðarins telja að markmið frumvarpsins sé að mörgu leyti gott og telja, eins og fram kemur í athugasemdum, það mjög til bóta að reynt sé að skýra ábyrgðarsvið Brunamálastofnunar annars vegar og sveitarfélaga hinsvegar.

Samtök iðnaðarins vilja hins vegar leggja áherslu á að nauðsynlegt er að tryggja það í lögunum að slökkviliðum sveitarfélaga sem ekki eru í stakk búin til að sinna starfi sínu vegna tækja- og þekkingarskorts verði skylt að gera samstarfssamninga við nágrannasveitarfélög. Jafnvel þarf að sameina slökkvilið sveitarfélaga undir eina yfirstjórn þannig að tryggt verði að fyrirtæki og einstaklingar njóti ávalt fyllsta öryggis í brunavörnum. Það sama mætti segja um eldvarnareftirlit. Þetta á jafnt við um stór og lítil sveitarfélög hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.

Hér á eftir fer umsögn um einstakar frumvarpsgreinar

II. kafli.

6. gr. Það er skilningur Samtaka iðnaðarins að það sé skylda Brunamálastofnunar að sjá til þess að þar sem sveitarfélag er ekki í stakk búin til að sinna brunamálum í sínu umdæmi þá geri það samstarfssamning við nágrannasveitarfélög um aðstoð þegar á þarf að halda. Mjög mikilvægt er að þetta sé gert í sveitarfélögum þar sem eru fyrirtæki af þeirri stærð og með slíka starfssemi að brunavarnir sveitarfélagsins ráða ekki við verkefnið.

III. kafli

12. gr. Mikilvægt er að starfssemi eldvarnareftirlits sé samræmd, þannig að sveitarfélög vinni eftir sama viðmiði og að þegnar landsins sitji við sama borð gagnvart eldvarnareftirliti. Það mætti hugsa sér að komið væri upp einu samræmdu kerfi fyrir eldvarnareftirlit á landsvísu til að ná þessu takmarki. Það yrði hlutverk Brunamálastofnunar.

Ef ekki er talið henta að koma á einu samræmdu eldvarnareftirliti á landsvísu, væri mjög til bóta að stækka umdæmi eldvarnareftirlits þannig að þau næðu t.d. yfir kjördæmi. Þar með væri komið á samræmdu og skilvirku eftirliti.


14. gr. Til viðbótar þeim texta sem er í þessari grein frumvarpsins komi setning er hljóði svo: Þar sem Brunamálastofnun telur að sveitarfélag geti ekki annað slökkvistarfi í sveitarfélaginu skal hún sjá til þess að gerður sé samstarfssamningur við nágrennasveitarfélög um eldvarnareftirlit og slökkvistörf.

VI. kafli.

24. gr. Í 3. mgr. er slökkviliðsstjóra heimilað að fengnu samráði við sveitarstjórn að leggja svo fyrir að í ákveðnum mannvirkjum séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna.
Samtök iðnaðarins vilja benda á að mikilvægt sé að hér séu um samræmdar aðgerðir að ræða á landsvísu. Að húseigendum sé ekki mismunað á milli umdæma slökkviliðsstjóra með því að hægt sé að gera mismiklar kröfur. Enn og aftur viljum við benda á að Brunamálastofnun ætti að annast samræmingu í þessum málum sem og öðrum.

Samtök iðnaðarins eru reiðubúin til að gera nánari grein fyrir skoðunum sínu telji nefndin þörf á því.

Virðingarfyllst,
Samtök iðnaðarins


Eyjólfur Bjarnason